

Nr. 136 / 09 Björg Hauks ÍS 33***Fékk í skrúfunu og dregin í land***

Skipaskr.nr. 2435
Smíðaður: Hafnarfjörður 2000, plast
Stærð: 9 brl. 8,3 bt.
Mesta lengd: 9,54 m Skráð lengd: 9,51 m
Breidd: 2,97 m Dýpt: 1,22 m
Vél: Volvo Penta 324 kW, 2008
Fjöldi skipverja: 2



Björg Hauks©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. nóvember 2009 var Björg Hauks ÍS 33 á línuveiðum 4-5 sml vestur af Rit á Vestfjarðarmiðum. Veður: A 8-10 m/s.

Þegar verið var að draga línuna slitnaði hún. Var þá slæðunni kastað fyrir borð til að freista þess að slæða upp línuna. Bátinum sló þá fyrir vind svo hann snérist og alda bar hann yfir færi slæðunnar sem fór í skrúfunu. Stöðvaðist þá vélin.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og kom björgunarskipið Gunnar Friðriksson sem dró Björgu Hauks ÍS til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa óttast skemmdir og reyndi því ekki að hreyfa skrúfu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.